

89. stjórnarfundur Nýheima þekkingarseturs  
06. 12. 2017 kl. 8:15 – 12:00

Fundur settur kl. 08:15

Fundarstjóri: Vilhjálmur Magnússon

Ritari: Huguín Harpa Reynisdóttir

Mætt: Huguín Harpa Reynisdóttir, Ragnhildur Jónsdóttir, Kristín Hermannsdóttir, Eyjólfur Guðmundsson, Helga Árnadóttir, Þorvarður Árnason, Eyrún Helga Ævarsdóttir og Vilhjálmur Magnússon.

Fjarverandi: Hrafnkell Guðnason, Olga Ingólfssdóttir, Bjarni Guðmundsson og Katrín Jónsdóttir.

**1. Rekstraráætlun 2018**

Huguín Harpa fór yfir drög að fjárhagsáætlun ársins 2018. Umræður sköpuðust um starfsemi komandi árs og einstaka þætti áætlunar. Stefnt er að því að endanleg rekstraráætlun verði lögð fram til samþykktar á næsta fundi stjórnar.

**2. Virðisaukaskattsnúmer**

Stjórn ræddi þann kost að Nýheimar þekkingarsetur fái virðisaukaskattsnúmer. Stjórn felur forstöðumanni að sækja um virðisaukaskattsnúmer fyrir Nýheima þekkingarsetur.

**3. Teymin**

Rætt var um stofnun teyma fyrir hverja stoð Nýheima þekkingarseturs; Menntun, menningu, nýsköpun og rannsóknir. Ákveðið var að hefja vinnu við stofnun teyma strax í upphafi nýs árs og stefna á upphafs fundi í öllum teymum fyrir fyrsta húsfund ársins 2018 sem haldinn verður 22. febrúar.

**4. Önnur mál**

- Helga sagði frá útgáfu Vatnajökulspjóðgarðs á ritinu Lifandi kennslustofa í loftslagsbreytingum.
- Huguín Harpa vakti máls á netmálum á neðri hæð Nýheima, umræður sköpuðust um málið og ákveðið var að ræða málið við þjónustuaðila.
- Eyjólfur ræddi húsvörslu í Nýheimum og ítrekaði að þegar stærri viðburðir eru í húsinu þá sé nauðsynlegt að bóka húsverði.
- Þorri sagði frá verkefninu KICK sem nú er unnið að umsókn fyrir til NPA, Rannsóknasetur Háskóla Íslands og Nýheimar þekkingarsetur eru aðilar að umsókninni.

Fundi slitið klukkan 11:50

Vilhjálmur Magnússon

Huguín Harpa Reynisdóttir